

Á vorönn 2003 var B hluti svokallaðs Framhaldsskólarýnis lagður fyrir kennara í ME. Þar er spurt um starfskenningu, þ.e. fagmennsku, áherslur, aðbúnað og skipulag hjá kennurum. Skýrsla var lögð fram í október 2003 og má skoða hana hér.

Starfskenning



**Úrvinnsla matshóps úr svörum kennara
Menntaskólans á Egilsstöðum á B-hluta
Framhaldsskólarýnis maí 2003**

Inngangur

Í maí 2003 svöruðu kennarar í Menntaskólanum á Egilsstöðum spurningum í B-hluta svokallaðs Framhaldsskólarýnis, en það er matstæki sem Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri hefur þróað. Framhaldsskólarýnir skiptist í þrjá hluta: Í A-hluta er spurt um yfirstjórn, í B-hluta um starfskenningu og í C-hluta um árangur. Eins og áður sagði er B-hlutinn hér til umfjöllunar, en hann skiptist í 7 undirflokkka, sem eru “fagmennska”, “viðmiðanir-áherslur”, “aðbúnaður-starfsrammi”, “stjórnun-skipulag”, “kennsla kennara-námsumgjörð”, “nemendur” og “foreldrar-samstarf”. Samanlagt er um 43 spurningar að ræða. Var þetta liður í áætlun skólans um innra mat á skólastarfi.

Alls hófu 20 kennarar þátttöku í könnuninni, en þó var óalgengt að fleiri en 16 svöruðu hverri spurningu, sem annað hvort stafar af því að svarendur hafa sleppt úr spurningum eða að nokkrir hafi fljótlega helst úr lestinni. Sex manna matshópur skólans vann síðan úr niðurstöðum. Úr hverjum undirflokkir voru greindir helstu styrkleikar, helstu veikleikar og í kjölfarið komið fram með tillögur til úrbóta. Er það von og trú matshóps að niðurstöður þessar eigi eftir að nýtast stjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans sem tæki til bætts skólastarfs. Í framhaldinu er ráðgert að leggja einnig fyrir A-hluta og C-hluta Framahaldsskólarýnis.

Matshópur

B1: STARFSKENNING - FAGMENNSKA

Styrkur:

Menntun kennara er almennt góð. Kennarar telja einnig að skólinn styðji við þekkingaröflun kennara. Skólasamfélagið lætur sér einnig nokkuð annt um að kennarar auki starfsþekkingu.

Kennarar telja sig hafa sérþekkingu í sínum greinum. Skólinn stendur einnig vel við skilmála laga og námskrár varðandi námsframboð og fjölbreytni í kennsluaðferðum.

Kennarar hafa skilning á þeirri ábyrgð sem hver og einn ber á sínu fagsviði.

Skólinn kallar skýrt eftir því að kennsluáætlanir séu gerðar. Einnig eru kennsluáætlanirnar formlegar og reglulega endurnýjaðar og kynntar skólasamfélaginu.

Skólinn hefur verið að vinna með sjálfsmatsaðferðir, stutt er þó síðan sú vinna hófst markvisst.

Kennarar skólans sækja sér símenntun að tilhlutan skólans. Skólastjórnendur hafa sérmenntun á sviði stjórnunar og uppeldis- og menntunarfræði. Kennara telja að skólasamfélagið styðji við menntunarviðleitni þeirra.

Veikleikar:

Markviss stefna varðandi uppfærslu á starfsþekkingu með nýráðningum og endurmenntun mætti vera skýrari.

Stefna varðandi eflingu á starfshæfni kennara mætti vera skýrari.

Skólinn virðist ekki kalla eftir því að nemendur, foreldrar og hagsmunaaðilar taki þátt í að móta tiltekna ábyrgðar- og verkaskiptingu. Einnig er yfirlýstri stefnu varðandi ábyrgðarskiptingu og samvinnu við foreldra og hagsmunaaðila ábótavant.

Skortur er á virku nýsköpunarstarfi að frumkvæði skólans. Einnig skortir á að skólinn leiti eftir viðurkenningu á og stuðningi við nýsköpun hjá skólayfirvöldum og styrktaraðilum.

Ekki liggur fyrir greinagóð úttekt á skólastarfinu- eða formleg skýrsla um sjálfsmat síðustu ára. Einnig skortir á sérþekkingu á mati á skólastarfi.

Tillögur til úrbóta:

- Skipaður verði hópur til að útbúa endurmenntunarstefnu.
- Að skólinn kalli eftir samstarfi við nemendur, foreldra og aðra hagsmunaaðila.
- Að skipaður verði hópur sem vinni að skipulagningu á nýsköpunarstarfi.
- Skipaður hefur verið starfshópur til að vinna skipulega að innra mati.

Einkunn fyrir “fagmennska” 34,75 af 60 ca. 5,8

B2: STARFSKENNING-FAGMENNSKA

Styrkur:

Kennarar telja að nokkuð góð samsvörun sé milli viðmiðana skólans og þeirra fyrirmæla sem skráð eru í lögum og reglugerðum. Einnig telja kennarar að yfirmarkmið starfseminnar gefi öllum nemendum eðlilegt rúm til að njóta réttar síns til menntunar og þroska.

Almennt liggur fyrir, að mati kennara, formleg stefnumörkun um það hvernig námsleiðir skulu skipulagðar og samsettar. Einnig er samræmi í framkvæmd varðandi skilgreiningu námsleiða og námsvals nemenda. Einnig er almennt jákvætt viðhorf varðandi samsvörun milli bestu vitneskju um árangursríkt skipulag og áætlaða um þjónustu af skólans hendi. Kennarar eru líka almennt á því að skólinn fullnægi fyrirmælum laga varðandi jöfn tækifæri ólíkra nemendahópa.

Skólinn er almennt talinn hafa markaða stefnu varðandi fyrirkomulag sértækrar þjónustu við fatlaða nemendur. Nokkuð erfitt er að meta svör kennara varðandi samræmi í fyrirliggjandi stefnumörkun um þjónustu við fatlaða og þeirri framkvæmd sem er við lýði. Stefnumörkun um jafnræði í þjónustu virðist ná nokkuð vel til allra nemenda skólans.

Skólinn lætur nokkuð skýrt ljós væntingar um árangur.

Kennarar eru yfirleitt á því að skólinn geri ákveðnar og sýnilegar kröfur til nemenda um árangur og þátttöku.

Kennarar telja að skólinn sýni almennt metnað í starfi og skipulagi og að nokkur samstaða ríki um metnað skólans.

Veikleikar:

Viðmið varðandi skólann og fyrirheit um þjónustu mættu vera skýrari.

Ekki virðist vera stefna um hvernig er hægt að sneiða hjá eða minnka fordóma gagnvart árangri einstakra nemenda eða nemendahópa. Segja má að nokkuð sé á reiki hvort skólinn eða starfsmenn hans hafi tilteknaðar siðareglur eða vinnureglur sem efla trúnað og leiðbeina starfsmönnum um framkomu og samskiptasnið.

Kennurum finnst skorta á að skólinn viðurkenni góða vinnu með sýnilegum hætti.

Það virðist skorta formleg markmið varðandi árangur einstaklinga og hópa. Einnig er ekki sýnilegt að metnaði skólans sé fylgt eftir með sýnilegum eða táknrænum hætti.

Tillögur til úrbóta:

- Skýrari markmið varðandi megintilgang stofnunarinnar. (Námskrá)
- Vísbendingar eru um að stefna varðandi einstaklingsþjónustu sé ekki nógu skýr, þar mætti marka skýrari stefnu.
- Að búa til siða- og samskiptareglur.
- Skipuleggja má betur stefnu varðandi að sýna góðu vinnuframlagi nemenda áhuga.
- Að skólinn setji fram formleg og vel kynnt markmið varðandi árangur einstaklinga og hópa.
- Að skólinn fylgi metnaði sínum eftir með t.d. skipulegri markaðssetningu.

B3: Aðbúnaður – starfsrammi

Styrkur:

Ljóst er að fyrir liggur áætlun um húsnæðisþörf og nýtingu húsnæðis enda stóð til að framkvæmdir við viðbyggingu hæfust í kringum áramót 2003/2004 (þótt bakslag hafi komið í þær áætlanir þegar þetta er skrifað). Auk þess er til áætlun um tækjaþörf og nýtingu tækni í tengslum við aukið húsnæði. Hönnun lóðar og frágangur bílastæða er fyrir hendi. Aðstaða nemenda til að neyta matar og aðgangur að máltíðum á starfstíma skólans er talin ágæt.

Mestur hluti svarenda telur skipulagðan aðgang að húsnæði til félagsmála, list- og íþróttaiðkunar en það vekur þó spurningu um hverju nákvæmlega fólk er að svara þar sem spurningin er þríþætt.

Nokkuð mismunandi er hvort svarendur telja þjónustu skólans byggða upp á grundvelli samráðs við nemendur og foreldra (greiningu á óskum þeirra og þörfum). Svo virðist sem svarendur séu óvissir um að hve miklu leyti skólinn hefur starfs- eða rekstarheimildir til að sinna þjónustu við nemendur í samræmi við kröfur tímans en þó telja nokkrir að svo sé.

Veikleikar:

Starfsemi skólans býr við of lítið rými og viðhaldi og ástandi húsnæðis er ábótavant. Aðkoma skólans, lóð og bílastæði er ekki í nægilega góðu lagi auk þess sem töluvert skortir á að til staðar sé viðunandi félagsaðstaða og þjónusta fyrir nemendur.

Skólasafn og sérbúin kennsluáðstaða er að margra mati ekki nægilega vel nýtt í samræmi við ákvæði námskrár.

Húsgögn og kennslutæki eru að flestra álitu ekki í samræmi við kröfur tímans og nokkuð margir telja að nemendur hafi ekki aðgang að nægilega góðum kennslugögnum. Um það voru þó nokkuð skiptar skoðanir.

Foreldrar, nemendur og starfsmenn eru að flestra mati ekki aðilar að stefnumörkun og mati á þjónustuþörf

Greinilegt er að nemendur, foreldrar, starfsmenn og hagsmunaaðilar hafa ekki aðgang að gerð áætlana og forgangsroðun verkefna ásamt vinnu við gerð fjárhagsáætlunar.

Tillögur til úrbóta:

- Barátta fyrir bygging nýs skólahúsnæðis er í gangi. Ef af byggingu verður mun útbúnaður s.s. húsgögn og kennslutæki verða endurnýjaður í samræmi við kröfur tímans og það verður mikil bót. Huga ætti að sérútbúinni aðstöðu fyrir ákveðin fög.
- Skólastjórnandi þarf að huga að stöðu mála á bókasafni með bókasafnsfræðingi. Leggja skal áherslu á að nemendur hafi ætíð aðgang að bestum mögulegum kennslugögnum, ítarefni á bókasafni, tækjum til verklegrar kennslu o.s.frv.
- Gott væri ef skólastjórnendur kynntu starfsmönnum ráðstöfun fjármuna, svo og hvort fjárveitingar byggist á tillögum skólans.

Einkunn fyrir “Aðbúnaður – starfsrammi” = 4,5

B4: Stjórnunar – skipulag

Styrkur:

Að margra mati eru ákvarðanir kynntar með nokkuð markvissum hætti en þó er mikil dreifing í svörum.

Nemendum og foreldrum eru vel kynntir þeir skilmálar sem gilda um mætingaskyldu og almennt er talið að námstími sé nægilega vel nýttur til skipulagðs starfs nemenda. Stundaskrá allra hópa sem eru í reglubundnu námi er skýr og skilvirk. Gott lag er á yfirliti yfir námsferla einstaklinga sem fylgja þeim á meðan á skólagöngu stendur.

Formlegt kerfi gerir aðvart um frávik varðandi námsframvindu einstakra nemenda og nemendur og foreldrar eru kallaðir til ráðgjafar þegar frávik koma fram.

Starfsmenn virðast frekar telja að skipulega sé unnið að því að tryggja velferð starfsmanna og bæta aðbúnað á vinnustað (þó nokkur dreifing í svörum).

Almennt virðist ríkja nokkuð góður andi meðal starfsmanna utan vinnutíma.

Veikleikar:

Ekki er skipulega kallað eftir frumkvæði nemenda, foreldra og starfsmanna og ferill fyrir ákvarðanatöku inna skólans þykir ekki nægilega formlegur og skilgreindur.

Nokkuð skortir á að ákvörðunum sé framfylgt og gerð skil til samstarfsfólks eða hlutaðeigandi yfirmanna.

Ekki er skipulag á forfallakennslu og nemendur njóta því ekki þjónustu skólans þegar kennarar veikjast. Þó nokkrir efast um að samstaða sé um form og forgang í stundaskrá meðal nemenda, foreldra og starfsmanna.

Ekki er nægilega markvisst unnið úr þeim upplýsingum sem skólinn aflar. Flestum þykir skorta skipulagt kerfi á öflun og skráningu gagna sem varða viðhorf, væntingar, samskipti og þjónustu skólans. Sama á við um miðlun upplýsinga til skólasamfélagsins sem byggjast á skráningu og greiningu gagna.

Mikilvægar ákvarðanir eru ekki teknar á grundvelli greiningar staðreynanlegra gagna.

Meirihluta starfsmanna er ekki kunnugt um að fyrir liggi formleg og útfærð starfsmannastefna í skólanum. Greinilegt er að ekki liggur fyrir skilgreining á aðferðum til að meta starfshæfni kennara og sanngjarnt ferli til að bregðast við frávikum. Auk þess virðist ekki nægilega markvisst unnið að því að efla starfshæfni einstaklinga í skólanum.

Starfsmönnum virðist ekki almennt vera kunnugt um mat á og áætlun um starfsmanna- og þekkingarþörf skólans til næstu framtíðar.

Starfsmönnum er almennt ekki kunnugt um að fyrir liggi áætlun um endurmenntun starfsmanna og svarendur telja skólann ekki hafa næga fjármuni til að framkvæma eflingu starfsþekkingar skv. eigin áætlun eða yfirlýstum áformum stjórnenda.

Fæstir svarendur eru aðilar að áætlun um framfarir í starfi og í fæstum tilvikum virðist því fylgt eftir að kennarar sæki reglubundna símenntun.

Fæstum er kunnugt um að skólameistari hafi meðvitaða sýn á það hvernig hann vill byggja upp traust samskipti á vinnustað. Skiptar skoðanir eru um það hvort meðvitað samspil milli stjórnenda og starfsmanna varðandi ákvarðanatöku sé fyrir hendi en svör eru dreifð við þessari spurningu. Mikil dreifing er á svörum við spurningu um hvort samskipti stjórnenda og starfsmanna byggi á skipulagðri upplýsingamiðlun.

Samskipti starfsmanna innbyrðis á vinnustaðnum eru ekki nægilega skipulögð og skilvirk.

Tillögur til úrbóta:

- Nauðsynlegt er að fyrir liggi skýrt skipurit með skýrum verk- og ábyrgðarlýsingum fyrir alla starfsmenn þar sem fram kemur hver tekur ákvarðanir um tiltekin mál.
- Í skólanum þarf að vera til nemendastefna, starfsmannastefna og e.t.v. foreldrastefna sem m.a. felur í sér hvernig frumkvæði hlutaðeigandi er laðað fram.
- Það þarf að vera skýrt hvernig ákvörðunum er framfylgt og fylgst með að þeim sé framfylgt (verklýsing).
- Bregðast þarf við forföllum á skipulagðan hátt.
- Kynna þarf skilgreiningu forgangsatriða við gerð stundaskrár og gera hana þannig að hún henti sem breiðustum hópi.
- Vinnuhópur um innra mat þarf að vinna markvisst og skipulega og skólastjórnendur þurfa að nýta þær upplýsingar sem aflað er og miðla þeim til skólasamfélagsins.
- Tryggja þarf áframhaldandi gott fyrirkomulag námseftirlits.
- Útbúin verði formleg starfsmannastefna skólans.
- Auka þarf eftirlit með starfsmönnum (t.d. með áfangamati) og gera þarf áætlun um viðbrögð við frávikum / erfiðleikum í kennslu.
- Æskilegt væri að hvetja starfsmenn til endurmenntunar.
- Skólameistari þarf að leggja meiri áherslu á að byggja upp traust og skilvirk samskipti milli starfsmanna skólans.
- Skólameistari þarf að hafa meðvitaða sýn á það hvernig hann vill byggja upp traust samskipti á vinnustaðnum.
- Samskipti þurfa að byggja á skipulagðri upplýsingamiðlun (skýrar boðleiðir) og vera skipulögð og skilvirk.

Einkunn fyrir “Stjórnunar – skipulag” = 4, 8

B5: Kennsla kennara – námsumgjörð

Styrkur:

Skólinn veitir persónulega ráðgjöf varðandi námsval og einkamálefni af öðru tagi, auk þess sem nemendur fá ráðgjöf varðandi þær kröfur sem skólinn gerir til þeirra um ástundun og árangur. Ástæður þessa eru m.a. að nemendur hafa tiltölulega greiðan aðgang að ráðgjöfum sínum, þ.e. umsjónarkennurum, áfangastjóra, námsráðgjafa, kennslustjórum og kennurum. Þetta aðgengi skapast m.a. í gegnum föst umsjónaviðtöl, stoðtímakerfið og auglýsta viðtalstíma annarra aðila. Auk þess skapast gjarnan sterkari tengsl milli nemenda og kennara í tiltölulega fámennum heimavistar skólum eins og ME. Þess utan er starfrækt almenn braut við skólann, þar sem vel er haldið um slakari nemendur.

Veikleikar:

Nokkuð skortir upp á að einstakir kennarar fái skýrar línur frá stjórnendum varðandi útfærslu á kennslu og námsmati. Einnig mætti auka áherslu á þverfaglegt samstarf innan skólans, hvort sem um er að ræða samstarf milli deilda og sviða eða þverfaglega samvinnu milli starfsmanna og stjórnenda skólans.

Ekki liggur fyrir yfirlýsing af hálfu skólans varðandi þær kröfur sem gerðar eru til kennara um árangur í kennslu.

Skiptar skoðanir eru um það meðal kennara hvort brugðist sé við falli nemenda í áföngum á nægilega markvissan hátt.

Aðstaða, tækni og þekking mætti vera í betra samræmi við sérhæfðar þarfir greina. Hér mætti nefna aðstöðu í raungreinum, listum og dreifða stofunotkun í tungumálum.

Tillögur til úrbóta:

- Útfærsla á kennslu og námsmati verði samræmt innan hversrar deildar skólans og kynnt vel fyrir kennurum (Í höndum skólameistara, áfangastjóra og kennslustjóra).
- Skólinn hvetji til þverfaglegs samstarfs milli deilda og útfæri leiðir í því sambandi (Skólameistari og kennslustjórar).
- Skólinn stuðli að þverfaglegri samvinnu milli starfsmanna og stjórnenda skólans
- Skólinn setji fram skýra stefnu um tilgang starfseminnar, þar sem fram koma markmið um árangur og kröfur til kennara (skólanámskrá).
- Skólinn útbúi viðbragðsáætlun varðandi fall nemenda í áföngum (Skólameistari, námsráðgjafi)
- Passað verði upp á það í nýrri skólabyggingu að aðstaða, tækni og þekking verði aukin í samræmi við sérhæfðar þarfir greina og sviða.

Einkunn fyrir “Kennslu kennara – námsumgjörð”: 5.6

B6: Nemendur

Styrkur:

Skólinn er að þrífalegur og laus við veggjakrot og skemmdir, rusl og annan sýnilegan sóðaskap. Skólinn býður upp á vinsamlegt samskiptaumhverfi og gestir og gangandi eiga fremur auðvelt með að nálgast upplýsingar og þjónustu skólans og eru þannig boðnir velkomnir.

Samskipti nemenda skólans eru á jafnréttisplani og það ríkir styðjandi og hvetjandi samskiptasnið milli starfsmanna og nemenda.

Kennurum er almennt kunnugt um vinnureglur sem leiðbeina starfsmönnum og stjórnendum við að bregðast við frávikum varðandi skólasókn nemenda, auk þess sem markvisst er brugðist við frávikum varðandi námsárangur nemenda. Einnig er nokkuð markvisst brugðist við frávikum varðandi samskipti (ofbeldi, einelti), mætingar og annað gengi nemenda.

Skólareglur og agaviðurlög eru í samræmi við stjórnarsýslulög og önnur gild fyrirmæli, auk þess sem reglur hafa verið kynntar þannig að samvitund er um tilgang þeirra.

Einnig hefur skólinn lagt upp rökræðu og samstarf við nemendur og foreldra um viðurlög, punktakerfi og formlegt samskiptakerfi vegna frávika.

Unnið er gegn reykingum, áfengisneyslu, vímuefnaneyslu, áhættusömu kynlífi og ofbeldisbrotum í skólanum, auk þess sem boðið er upp á nokkuð markvissa ráðgjöf við einstaklinga, nemendur, kennara og foreldra sem glíma við áhættueinkenni.

Meiri hluti kennara telur að skólinn hafi nokkuð skýra stefnu varðandi viðbrögð við áhættuhegðun og að skólinn sé nokkuð vel undirbúinn til að glíma við áföll í lífi nemenda.

Kennarar telja sig almennt bundna af formlegri og fyrirliggjandi stefnumörkun varðandi forvarnir í skólanum og að nokkuð samstaða ríki varðandi aðgerðir skólans á sviði forvarna, enda bjóði skólinn nemendum upp á opið aðgengi að sérfróðum ráðgjöfum.

Veikleikar:

Ekki liggur fyrir yfirlýst stefna varðandi viðbrögð við einelti eða yfiringi í skólanum. Einnig virðist skorta upp á markvisst eftirlit og skráningu áhættuhegðunar nemenda skólans.

Foreldrar og aðrir aðilar í byggðarlaginu eru ekki mjög virkir aðilar að forvarnardegi á vegum skólans. Kennurum virðist almennt ekki kunnugt um að skólinn hafi uppi áform um að vinna sérstaklega að mótun jákvæðra viðhorfa til heilbrigðra lífshátta.

Tillögur til úrbóta:

- Skólinn setji fram stefnu varðandi viðbrögð við einelti og yfiringi (skólameistari, námsráðgjafi og skólaráð).
- Skólinn komi sér upp viðbragðsáætlun vegna áhættuhegðunar nemenda og hafi markvissa skráningu á slíkri hegðun (Skólameistari og teymi).
- Útfærðar verði leiðir til að virkja foreldra og aðra til forvarna í samstarfi við skólann (skólameistari og forvarnarfulltrúi).
- Unnin verði stefna um jákvæð viðhorf til heilbrigðra lífshátta og hún kynnt skólasamfélaginu (skólanámskrá).

Einkunn fyrir “Nemendur”: 5,6

B7: Foreldrar - samstarf

Styrkur:

Haldið er úti nokkuð skipulagðri miðlun upplýsinga í formi fréttablaðsins “Annarfrétta” og heimasíðu.

Að flestra mati virðist skólinn einnig gefa kost á samskiptum og samstarfi við aðila, s.s. foreldra, utan dagvinnutíma.

Flestir telja að foreldrum sé gert kleift að taka þátt í námi nemenda og styðja að námsferlinu. Einnig telja flestir að skólinn hafi lagt fram rökstudda ákvörðun um ástundun náms og skil og áherslur í því efni sem foreldrum og nemendum hefur verið kynnt, og að foreldrar og starfsmenn skólans hafi verið upplýstir og séu meðvitaðir um almenna námsframvindu og árangur nemenda skólans.

Skráning neyðarupplýsinga í skólanum er nokkuð markviss, þannig að hægt er að ná til aðstandenda þegar liggur á.

Veikleikar:

Víða virðist pottur brotinn í samstarfi við foreldra og aðra hagsmunaaðila. Til að mynda liggur ekki fyrir skilgreining á samstarfi við foreldra, né heldur er foreldrum sköpuð sérstök aðstaða til samstarfs á vegum skólans. Skiptar skoðanir eru um hvort skólinn gefi færi á þátttöku foreldra að þeirra eigin frumkvæði, en skólinn virðist ekki gera formlega opinskáa kröfu til foreldra um þátttöku í samstarfi sem skólinn býður upp á.

Samstarf við hagsmunaaðila utan skólans er ekki skilvirkt að mati svarenda og samstarfsaðilar eiga að jafnaði ekki frumkvæði að starfi eða uppákomum innan skólans. Skólasamfélagið virðist almennt fremur ósátt við þessa stöðu mála.

Tillögur til úrbóta:

- Lögð verði fram stefna skólans í samstarfi við foreldra (skólanámskrá)
- Skólinn hafi frumkvæði að stofnun foreldrafélags skólans
- Foreldrum verði sköpuð aðstaða til samstarfs við skólann (T.d. pláss í nýrri byggingu)
- Skólinn útfæri leiðir til að gera foreldrum betur kleift að taka þátt í skólastarfinu og auki möguleika þeirra á að taka frumkvæði að ákveðnum verkefnum.
- Lögð verði fram stefna um samskipti og samstarf við hagsmunaaðila utan skólans, þar sem lagt er til frumkvæði þeirra.